

Nd.

414. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um skattgreiðslu h/f. Eimskipafjelags Íslands.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Aðaltillaga:

2. gr. frv. orðist svo:

Árin 1925 til 1928, að báðum þeim árum meðtöldum, skal h/f. Eimskipafjelag Íslands vera heimilt að greiða aukaútsvar sitt til bæjarsjóðs Reykjavíkurkaupstaðar með skuldabréfum, er gefi i ársvexti 6%. Skuldabréfin greiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum í lengsta lagi og skal gjalddagi vaxta og afborgana vera tvisvar á ári, hinn 1. dag maímánaðar og hinn 1. dag septembermánaðar, ári síðar en gjalddagi aukaútsvars þess, sem greitt er með skuldabréfi.

Bæjarsjóði Reykjavíkurkaupstaðar er skylt að taka með nafnverði skuldabréf þau, er að framan greinir, sem greiðslu á aukaútsvari Eimskipafjelags Íslands til bæjarsjóðs þann tíma, sem um ræðir, enda sju skuldabréfin gefin út af stjórn Eimskipafjelagsins og í nafni fjelagsins.

Varatillaga:

2. gr. orðist svo:

Árin 1925 til 1928, að báðum þeim árum meðtöldum, skal h/f. Eimskipafjelagi Íslands heimilt að greiða aukaútsvar sitt til bæjarsjóðs Reykjavíkurkaupstaðar með hlutabréfum fjelagsins.

Bæjarsjóði Reykjavíkurkaupstaðar er skylt að taka við hlutabréfunum við nafnverði til greiðslu á aukaútsvari Eimskipafjelagsins þann tíma, sem um ræðir.